LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Efnisyfirlit

Tillögur til 29. aðalfundar 2
Félag smábátaeigenda á Austurlandi 2
Hrollaugur 3
Farsæll 3
Árborg 4
Reykjanes 5
Báran 6
Reykjavík 7
Sæljón 8
Snæfell 10
Krókur 13
Elding 14
Strandir 15
Skalli 16
Klettur 18
Fontur 20

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Tillögur til 29. aðalfundar

Landssambands smábátaeigenda

Félag smábátaeigenda á Austurlandi

Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi,
haldinn 26. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Svæðaskipting strandveiða verði óbreytt og styður félagið tillögu 28. aðalfundar LS um strandveiðar 4 daga í viku 4 rúllur á bát 4 mánuðir á ári en vill að hámarksafli pr dag verði 750 þíg.
   Ekkert hámark verði á heildarafla til strandveiða.

2. Línuívilnun nái til allra smábáta í dagróðrum með sama hætti og nú er, en bátar með beitingarvél og uppstokkun um borð fái 5% ívilnun.
   Jafnframt fer aðalfundurinn fram á að aukið verði við það magn sem ætlað er til ívilnunar.

3. Lágmarks félagsgjöld í Landssamband smábátaeigenda verði 30 þúsund á bát.

4. Veiðidagar á grásleppuvertíð 2014 verði 30. Einnig vill fundurinn að sameina megi tvö grásleppuveiðileyfi á einn bát en veiðidögum hins sameinaða leyfis fækki um helming. Ennfremur telur fundurinn að veiðiráðgjöf Hafró séu ekki studd nægum rannsóknum og tímasetning ráðgjafarinnar algert bull þ.e. eftir marsrall stofnunarinnar þegar grásleppuveiði er hafin.

5. Tilnefnir fulltrúa í grásleppunefnd LS Kára B. Ásgrímsson.

6. Auka ber kvóta í ýsu nú þegar um 10 þúsund tonn.

7. Standa skal vörð um byggðakvótann. Verði byggðakvóta einungis úthlutað til dagróðrabáta og verði ívilnun við löndun í heimabyggð báts

8. Færaveiðar á makríl verði gefnar frjálsar.

Hrollaugur

Aðalfundur Hrollaugs, félags smábátaeigenda á Hornafirði,
haldinn 27. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Makrílveiðar smábáta á færi verði frjálsar.

2. Komi til takmarkana á markílveiðum verði framlag frumkvöðla virt.

3. Strandveiðar: allar aflaheimildir sem brenna inni á kvótaári verði bætt við strandveiðipottinn árið eftir.
   Komið hefur fyrir að aflaheimildir hafi brunnið inni og þá helst í ufsa, með þessari aðferð eru meiri líkur á að úthlutaðar aflaheimildir nýtist til fulls.

4. Línuívilnun verði breytt í krókaívilnun fyrir dagróðrabáta og hámarksívilnun á dag verði 500 kg.

Farsæll

Aðalfundur Farsæls, félags smábátaeigenda í Vestmannaeyjum,
haldinn 2. október 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Farsæls vill óbreytt lágmarks félagsgjöld til LS.

2. Sérstakt veiðigjald verði frítt af fyrstu 100 tonnum og ½ gjald frá 100 að 200 tonnum.

3. Makrílveiðar smábáta verði frjálsar frá 11. júlí til 1. desember.

4. Ýsukvóti verði aukinn um 15 þús. tonn.

5. Aðalfundur Farsæls vill hafa val um 4 mánuði af 5 fyrir strandveiðar, þ.e. frá apríl til ágúst.

6. Aðalfundur Farsæls leggur til óbreytta línuívilnun meðan byggðakvóti er við lýði.

7. Aðalfundur Farsæls er alfarið á móti byggðakvóta.

8. Leyfilegt verði að veiða lúðu sem meðafla.

9. Síldveiðar í lagnet verði leyfðar öllum smábátum óháð landsvæðum.

10. Aðalfundur Farsæls vill að aldrei verði hægt að draga frá meira en 3% vegna íss.

11. Snurvoð verði bönnuð innan 3ja sm. frá suðurströndinni.

12. LS beiti sér fyrir því að Bárðarhugmyndin svokallaða verði að veruleika.

13. LS mótmæli lokun símakróks. Til vara að AIS og tilkynning út og inn verði notað.

Árborg

Aðalfundur Árborgar, félags smábátaeigenda á Suðurlandi,
haldinn 17. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi beinir því til aðalfundar LS að stuðla af öllum mætti að auknum makrílpotti til handfæraveiða og skuli markið sett á 20.000 tonn hið minnsta, enda hafa færabátar sýnt það og sannað á síðustu tveimur árum að afkastagetan í makrílveiðunum er mikil og greinin hefur haft mjög skamman tíma til að byggja upp og þróa veiðarnar. Fundarmenn leggja til að makrílveiðum handfærabáta verði áfram stjórnað með heildarpotti.

2. Árborg beinir því til aðalfundar LS að lögum um línuívilnun verði breytt á þann veg að allir línubátar sem stunda dagróðra eigi rétt á línuívilnun óháð því hvernig línan er beitt. Línuívilnun komi aðeins á fyrstu 4.000 þorskígildin í hverjum róðri, þannig sé stuðlað að hófsamari sókn og bættri meðferð afla.

3. Árborg leggur til að fyrstu 100 tonnin verði frí sérstöku veiðigjaldi og hálft gjald á næstu 100 tonn.

4. Árborg, félag smábátaeigenda á Suðurlandi samþykkir tillögu stjórnar LS um að lækka ferða- og dvalarstyrki ásamt dagpeningum vegna aðalfunda LS um 50%.

Reykjanes

Aðalfundur Reykjaness, félags smábátaeigenda á Reykjanesi, haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að LS kanni hvernig Verðlagsstofa ákveði fiskverð.

   Greinargerð

   Þróun viðmiðunarverðs Verðlagsstofu sem hlutfall af meðalverði á fiskmörkuðum hefur á undanförnum misserum skekkt samkeppnisstöðu útgerða. Kjör sjómanna á bátum þar sem gert er upp samkvæmt viðmiðunar-verði eru því ekki í neinu samræmi við laun starfsbræðra þeirra þar sem landað er á markaði.

   Útgerðir sem borga eftir verðlagsstofuverði eru að borga lægri aflagjöld og minna til LS vegna þess að verðlagsstofuverð er svo lágt.

2. Reykjanes skorar á ráðherra að færa VS afla í sitt gamla horf, eitt heildartímabil en ekki fjögur eins og er í dag.

3. Reykjanes skorar á ráðherra að gefa handfæraveiðar á makríl frjálsar, frá 1. júlí til 30. september.

   Greinargerð

   Það er búið að sýna sig og sanna að færaveiddur makríll er mikið stærri, feitari og verðmeiri en trollveiddur og því er bara aukin verðmætasköpun fengin með því að veiða sem mest með þessum hætti.

4. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax. Gríðarlegt magn er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.

5. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes vill að strandveiðar verði heimilaðar 4 daga í viku hverri yfir tímabilið 1. maí til 31. ágúst.

6. Reykjanes leggur til að strandveiðiafli skerði ekki úthlutað aflamark.

7. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes skorar á ráðherra að banna togveiðar innan 6 sjómílna frá landi.

8. Aðalfundur smábátafélagsins Reykjanes leggur til að krókaaflamarksútgerðum verði heimilað að láta frá sér krókaaflamark í ufsa í skiptum fyrir aflamark í öðrum tegundum.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátaeigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 28. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Þar sem makrílstofninn er stærri en áætlað var í upphafi árs 2013 leggur Báran til að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálsar frá 20. júlí til 30. september.

2. Báran leggur til að heildarpottur á strandveiðum verði aukinn um 30% og veiðitímabil verði frá 1. mars til 30. júní á D svæði.

3. Ýsukvótinn verði aukinn um 30% í krókaaflamarki.

4. Síldveiðar í lagnet verði leyfðar á krókaaflamarksbátum.

5. Báran styður hvalveiðar.

6. Báran mótmælir lúðuveiðibanni.

7. Báran leggur til að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta og beiti sér fyrir því að framlag minni útgerða sé að fullu metið við brautryðjendastarf við veiðar á nýjum og vannýttum tegundum. Jafnframt að LS beiti sér fyrir bættri samkeppnisstöðu minni útgerða og smábáta við frumkvöðlastarf og viðurkenni og verji hagsmuni frumkvöðla komi til takmarkana á veiðum þegar frumkvöðlar hafa skapað ný tækifæri fyrir smábáta.

Reykjavík

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,
haldinn 16. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur telur að gefa skuli makrílveiðar á smábátum frjálsar.

2. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum um hver mánaðamót sé þess óskað.

3. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að eignarhaldsákvæði varðandi strandveiðar verði numið úr gildi.

4. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur ályktar að lágmarksgjald félagsmanna í LS sé 20.000 kr. á ári.

Sæljón

Aðalfundur Sæljóns, félags smábátaeigenda á Akranesi,
haldinn 1. október 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. *Greiðslumiðlun*
   Aðalfundur Sæljóns skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar sem taka á gildi um næstu áramót.
   Telur fundurinn að þessar breytingar hafi verið mikil mistök og gerðar vegna þrýstings frá aðilum sem vilja gera öðrum erfitt um vik. Greiðslumiðlunin hefur marga kosti fyrir smábátasjómenn, t.d. í sambandi við tryggingar og lífeyrismál. Hætta er á að margt fari úr böndum við þessar breytingar.

2. *Verðlagning á fiski*
   Aðalfundur Sæljóns ályktar að nauðsyn sé á að verðlagning á fiskmörkuðum verði tekin til athugunar. Beinir fundurinn því til LS að farið verði ítarlega í saumana á þessu máli. Krafa er gerð um það að ávallt komi fram hver kaupi fiskinn og á hvaða verði. Óeðlilegar sveiflur á verði benda til að „something is rotten in the state of Denmark".

3. *Strandveiðar*
   Aðalfundur Sæljóns ítrekar tillögur frá 2012 þar sem óskað var eftir breytingum á tímabili strandveiða. Júlí / ágúst nýtast illa fyrir félagsmenn Sæljóns og kæmi sér betur að hafa mars / apríl.

4. *Grásleppa*

a. Fundurinn mótmælir harðlega lokun veiðisvæða í Faxaflóa sem gerðar voru vegna kröfu æðarbænda. Lokunin kemur sér mjög illa fyrir þá sjómenn sem þarna stunda veiðar enda um víðfeðmt svæði að ræða.

   Rökin fyrir þessari lokun eru illa ígrunduð og gerð vegna einhliða túlkunar og frekju aðila sem hlut eiga að máli. Benda má á að ágætur skilningur var milli sjómanna og æðarbænda og tóku sjómenn fullt tillit til bréfs er þeir fengu af þessu tilefni. Sjómenn kæra sig ekki um að fá fugl í netin og forðast lagnir þar sem hætta er á slíku. Þó er aldrei hægt að forðast það með öllu og skiptir þá ekki máli hvar netin liggja því fuglinn fylgir loðnunni og getur lent í neti út á miðjum Faxaflóa.

b. Aðalfundur Sæljóns ályktar að veiðidagar verði 50 og takmarkanir frá síðustu vertíð endurskoðaðar.

c. Sæljón hvetur til þess að áframhald verði á þróun og markaðssetningu á grásleppuhrognum.

5. *Byggðakvóti*

Fundurinn ályktar að þörf sé á endurskoðun á reglum um úthlutun byggðakvóta. Ekki sé viðunandi að smábátaútgerð á Akranesi sitji ekki við sama borð og aðrir hvað þetta varðar.

6. *Veiðigjöld*

Fundurinn mótmælir alltof háum gjöldum á smábátaútgerðina og krefst þess að þau verði endurskoðuð og þau taki mið af afkomu sbr. skattaskýrslu.

7. *Ýsa*

Fundurinn lýsir furðu sinni á ákvörðun um ýsukvóta og krefst þess að kvótinn verði aukinn verulega.
Niðurskurður í ýsunni hefur skapað ómæld vandamál við nýtingu veiðiheimilda og ýsan bítur á krókana sem aldrei fyrr þó Hafró segi að hún sé ekki til staðar.

8. *Umgengni og meðferð afla*

Fundurinn beinir því til aðalfundar LS að umgengni og meðferð á fiski sé í hávegum höfð og ályktanir gerðar þar um. Mikil áhersla sé á hreinlæti og

kælingu. Það skýtur því skökku við að koma að bryggju og þurfa að landa í illa þvegin og langlyktandi ílát frá fiskmörkuðunum.

9. *Framtíð LS*

Fundurinn lýsir yfir áhyggjum af framtíð LS og hvetur smábátasjómenn til þess að standa einhuga vörð um félagið.
Tekur fundurinn undir tillögu frá Fonti, „Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér".

10. *Reglugerðarlokanir*

Á fundinum kom fram óánægja með reglugerðarlokanir sem sumar eru komnar vel til ára sinna.

Rök fyrir þessum lokunum eru vægast sagt léttvægar. Margt bendir til að þær hafi verið settar vegna þrýstings frá aðilum sem vildu sitja einir að kökunni.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi,
haldinn 15. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Snæfells mótmælir kvótasetningu á blálöngu.

2. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu (lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða.

3. Aðalfundur Snæfells ályktar að veiðidagar á grásleppu verði aldrei færri en 50 á ári.

4. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega ráðgjöf Hafró um grásleppuveiðar. Fundurinn telur að hún sé í engu samræmi við veiðar og gengd grásleppu undanfarin ár.

5. Aðalfundur Snæfells hvetur LS að halda áfram af fullun þunga baráttunni fyrir strandveiðum með þeim tillögum sem strandveiðinefnd LS leggur til „Strandveiðar til framtíðar“.

6. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því að skiptakjör á smábátum verði leiðrétt með hliðsjón af því hvort bátar landi á fiskmarkað eða í beinum viðskiptum á verðlagsstofuverði.

7. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því af fullum þunga að úthlutað verði 15.000 tonnum af síld til handa krókabátum og smábátum með aflamark og fellt verði úr gildi að síldveiðileyfi sé sérleyfi.

8. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega veiðum nótaveiðiskipa á síld á grunnsævi í Breiðafirði. Það getur ekki talist vistvænt að veiða í 60 faðma djúpa síldarnót á 10 faðma dýpi. Fundurinn leggur til að umræddum skipum verði óheimilt að stunda þessar veiðar á grynnra vatni (sjó) en sem svarar dýpt nótarinnar.

9. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 15. júlí ár hvert og standi til 20. september.

   Rök: Áfram verði barist fyrir því að smábátar við Ísland fái að veiða úr 15.000 tonna potti eins og víðast hvar í öðrum löndum Evrópu nema í suður Noregi. Hvergi annars staðar í heiminum er eitt skip með eins mikinn makrílkvóta og hér á landi. Við smábátasjómenn þurfum að standa vörð um okkar rétt og ekki detta í þá skammsýni að semja um nokkur tonn til handa okkur. Við eigum að hafna öllum samningum næstu þrjú til fjögur árin eins og vinir okkar á Grænlandi voru að gera.

10. Aðalfundur Snæfells ályktar að svokölluð „Bárðarhugmynd“ sem margir þekkja verði samþykkt á aðalfundi LS. „Bárðarhugmynd er að krókabátar veiði í þorskígildum þá tegund fiskjar sem þeir vilji og verði þorskígildisstuðlar notaðir til viðmiðunar. Þ.e. til dæmis, veiði menn 1 kg af ýsu þá notist til þess 1,2 kg af þorski og svo framvegis. Þetta geti orðið til þess að bátar geti stundað veiðar á heimaslóð þar sem takmarkaðar heimildir séu til af t.d ýsu, blálöngu og fl.

11. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir breytingu á reglugerð um löndun afla, þannig að aldrei verði hægt að draga ís eða ísprósentu umfram 3% frá, svo að ekki komi til skerðingar á heildarsóknarpotti s.s. í makríl, síld og strandveiðum.

12. Aðalfundur Snæfells ályktar að núverandi netalína í innanverðum Breiðafirði verði felld úr gildi. Umrædd lína hafi verið sett þegar engin fiskveiðifriðun hafi verið og eigi því ekki við í dag.

13. Aðalfundur Snæfells ályktar að fækka beri í stjórn LS og þau aðildarfélög sem eru með færri en 30-40 báta (félagsmenn) sameinist því félagi sem næst því er.

14. Aðalfundur Snæfells ályktar að lámarksgjald hvers félagsmanns (báts) í LS verði að krónum 50.000 - fimmtíu þúsund krónur -

15. Aðalfundur Snæfells ályktar að bátar fái ekki úthlutað byggðakvóta sem leigt hafa frá sér aflaheimildir á undangengnu fiskveiðiári umfram það sem þeir leigðu til sín.

16. Aðalfundur Snæfells ályktar að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.

17. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundatilfærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.a. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga þó að hámarki 5% eins og það var.

Rökin fyrir þessu eru: Að menn sjái sér hag í því að láta ufsa í krókakerfinu detta niður dauðann sem er þvert á tilgang fiskveiðilaga frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátaeigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 21. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Króks samþykkir að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálsar.

2. Aðalfundur Króks skorar á ráðherra að auka veiðiheimildir í ýsu um 12.000 tonn.

   Á liðnum árum hefur ýsa sem meðafli á línuveiðum orðið að miklu vandamáli þannig að ekki verður lengur við unað. Því verður aukning á veiðiheimildum eina lausnin.

3. Aðalfundur Króks vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda ekki um beina sókn að ræða.

4. Aðalfundur Króks skorar á ráðherra að auka steinbítsheimild úr 7.500 í 12.000 tonn. Sjá rök um ýsu.

5. Fundurinn ályktar fyrri samþykktir um línuívilnun.

6. Fundurinn mælir með að strandveiðar verði 4 daga í viku maí - ágúst með núgildandi takmörkunum um dagsafla.

7. Strandveiðifélagið Krókur leggur til að gerðar verði þær breytingar á löggjöf um strandveiðar að afli hvers veiðisvæðis fari eftir fjölda báta.

8. Að strandveiðar verði ekki leyfðar daginn eftir sjómannadag.

9. Aðalfundur Króks hvetur stjórn LS eindregið til að fylgja eftir stefnumiðum og samþykktum Landssambandsins á umliðnum árum. Fundurinn lítur svo á að LS hafa verið í gegnum árin gæfa útgerðar smábáta og ein traustasta stoð sjávarbyggða vítt og breitt um landið.

10. Aðalfundur Króks beinir þeirri áskorun til stjórnar LS að tryggja framgang alþjóða smábátamerkisins hér eftir sem hingað til.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 22. september 2013 samþykkti eftirfarandi:

1. Áfram skal unnið að því að línuívilnun komi á alla dagróðabáta.

2. Félagsgjöld skulu áfram vera 0,5% af aflaverðmæti. Félagar eru hvattir til að nýta sér greiðslumiðlun fiskkaupenda - lágmarksgjald skal þó vera 30 þúsund á ári og er gjalddagi 15/9 á hverju ári.

3. Strandveiðar. Settur skal aukinn kraftur í að fá leiðréttingu á strandveiðikerfinu þannig að leyft verði að veiða 4 daga í viku í 4 mánuði á ári frá 1/5 til 31/8 að öðru leyti verði farið eftir núgildandi reglum.

4. Aðalfundur Eldingar skorar á ráðherra að auka strax við úthlutað aflamark í ýsu vegna gríðarlegar ýsugengdar á grunnslóð.

5. Aðalfundur Eldingar skorar á Örn Pálsson að bjóða sig fram sem formann

6. Aðalfundur Eldingar skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að beita sér í því að þorskvótinn verði aukinn nú þegar í 250 þúsund tonn.

7. Aðalfundur Eldingar leggur til að við grásleppuveiðar megi notast við belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á grásleppunetrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

8. Aðalfundur Eldingar leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

9. Aðalfundur Eldingar samþykkir að VS-afla verði hægt að skipta í þrennt - 40% fari í AVS, 20% fari til útgerðar og áhöfn geti ánafnað líknarsamtökum, góðgerðarsamtökum eða styrktarsjóðum 40%.

10. Allir krókabátar fái ívilnun, þar með taldir handfærabátar.

Strandir

Aðalfundur Stranda, félags smábátaeigenda í Strandasýslu,
haldinn 22. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Smábátafélagið Strandir skorar á sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við veiðiheimildir í ýsu og jafnframt að taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á grunnslóð þannig að þriðjungur þess sem veiðist þar verði utan kvóta.

2. Aðalfundur Stranda leggur til að heimilað verði að sameina grásleppuleyfi. Við sameiningu fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.

3. Aðalfundur Stranda hvetur til að strandveiðar verði 4 samfellda mánuði á tímabilinu apríl - september. Heimilt verði að veiða 4 daga í hverri viku, mánudag – fimmtudag.

4. Aðalfundur Stranda fagnar þeirri aukningu sem verið hefur í makrílveiðum smábáta.
   Félagið hvetur stjórnvöld til að tryggja nægjanlegar veiðiheimildir til veiðanna og auka þannig aflaverðmæti á hvert kíló á makríl samfara aukinni atvinnu við vinnslu hans í hinum dreifðu byggðum.

5. Aðalfundur Stranda ályktar að byggðakvóta verði breytt þannig að hann komi eftirleiðis sem ívilnun á landaðan afla.

Skalli

Aðalfundur Skalla, félags smábátaeigenda á Norðurlandi vestra, haldinn 30. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Skalla samþykkir tillögu stjórnar LS um að lækka ferða- og dvalarstyrki ásamt dagpeningum vegna aðalfunda LS um 50%.

2. Aðalfundur Skalla mótmælir afskiptum Hafrannsóknastofnunar af veiðistjórnun á grásleppu og telur að hún sé engan veginn í stakk búin að veita ráðgjöf af því tagi sem hún gerir í skýrslu sinni: Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2011/2012 og aflahorfur 2012/2013.

3. Aðalfundur Skalla krefst þess að ákvæði sem fjallar um umvitjun neta verði fellt úr gildi.

4. Aðalfundur Skalla leggur til að reglum um netafjölda við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við nýjar kröfur og tækni.
Netafjöldi verði óbreyttur en miðaður við 2 menn í stað 3 hjá bátum þar sem grásleppan er skorin í landi og búnir eru niðurleggjara.

5. Aðalfundur Skalla tekur undir tillögur nefndar LS um frjálsar handfæraveiðar með þeirri viðbót að hægt sé að segja sig frá veiðunum um hver mánaðamót.

6. Aðalfundur Skalla gerir eftirfarandi samþykkt varðandi strandveiðar til aðalfundar LS.
   a. Strandveiðar verði 4 samfellda mánuði, tímabilið apríl til og með september.
   b. Heimilt verði að veiða 4 daga í viku mánudag – fimmtudag.
   c. Afli í hverri veiðiferð hámark 650 kg þorskígildi af kvótabundnum afla.
   d. Aðeins verði farin ein veiðiferð á sólarhring (innan sama sólarhrings) og öllum afla landað að veiðiferð lokinni, eða áður en farið er í næstu veiðiferð.
   e. Leyfi til strandveiða verði aðeins veitt bátum undir 10 brt.
   f. Stjórnvöld tryggi nægjanlegar veiðiheimildir til veiðanna.

7. Aðalfundur Skalla skorar á ráðherra að auka nú þegar veiðiheimildir í ýsu að lágmarki um 15 þúsund tonn.

8. Aðalfundur Skalla hvetur ráðherra að gefa krókaveiðar á makríl frjálsar.

9. Aðalfundur Skalla skorar á Sigurð I. Jóhannsson sjávarútvegsráðherra að láta opna nú þegar lokað hólf á Fljótagrunni, reglugerð nr. 742/2009, og tekur undir ályktun aðalfundar Snæfells frá 15.09.2013 um að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.

10. Aðalfundur Skalla skorar á LS að beita sér fyrir því að gerð verði formleg skoðanakönnun meðal félagsmanna LS á afstöðu þeirra til rannsóknaaðferða og ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar.

11. Aðalfundur Skalla ályktar að ekki verði kvikað frá þeirri reglugerð sem nú er í gildi varðandi bann við veiðum í dragnót innan núverandi línu sem dregin er úr Ásnefi í Málmey.

Klettur

Aðalfundur Kletts, félag smábátaeigenda Ólafsfjörður - Tjörnes,
haldinn 29. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Kletts hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnunin beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.

2. Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði **E**. Veiðidagar 50 og veiðitímabil 100 dagar.

3. Aðalfundur Kletts leggur til að heimildir til stækkunar grásleppuleyfa verði felldar úr gildi, jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi og auka hagræðingu.

4. Aðalfundur Kletts leggur til að hámarksfjöldi neta við grásleppuveiðar verði 120 löng, helmingi færri ef einn maður er á.

5. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þúsund tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.

6. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að auka nú þegar þorskkvóta í samræmi við aflareglu.

7. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að láta línuívilnun ná til allra dagróðrabáta. Jafnframt verði hámarksafli sem telur til línuívilnunar í hverri veiðiferð 4.000 kg.

8. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta í þorskígildum í stað núverandi fyrirkomulags.

9. Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálsar.

10. Aðalfundur Kletts leggur til að allir smábátar geti sótt um makrílveiðileyfi á króka hvenær sem er á fiskveiðiárinu.

11. Aðalfundur Kletts leggur til að starfsnefndir LS verði lagðar niður og stjórn taki yfir þau verkefni sem nefndirnar hafa unnið.

12. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með lækkun sjómannaafsláttar.

13. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs, þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.

14. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðalokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfa falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.

15. Aðalfundur Kletts leggur til að tekið verði upp lágmarksfélagsgjald í LS.

16. Aðalfundur Kletts leggur til að ákvæði í reglugerð um byggðakvóta þar sem staðfestur samningur um vinnslu, staðfestur af sveitarfélagi skuli liggja fyrir við umsókn um byggðakvóta sem skilyrði, verði fellt úr reglugerð.

17. Aðalfundur Kletts styður framkomnar tilllögur strandveiðinefndar LS, veiði heimiluð 4 daga í viku, 4 rúllur, 14 tímar, 650 þ.íg. svæðaskipting óbreytt, enginn hámarksafli enda skilyrt að aflinn verði tekinn utan aflamarks.

Fontur

Aðalfundur Fonts, félags smábátaeigenda á Norðausturlandi,
haldinn 25. september 2013, samþykkti eftirfarandi:

1. ***Strandveiðar***
   a. Aðalfundur Fonts tekur undir hugmyndir um að stunda megi veiðarnar í 4 mánuði á 5 mánuðum, þ.e. einn mánuður verði í vali hvers og eins. (16 vikur á 5 mánuðum??)

      Greinargerð

      Misjafnt er milli svæða á strandveiðunum hvenær besta veiðin og besti fiskurinn er á hverju svæði. Fontur telur rétt að gera veiðarnar sveigjanlegri svo þær skili betri fiski á land sem líka skilar auknum verðmætum. Ekki nær nokkurri átt að strandveiðibátar stundi samkeppnisveiðar þegar vart fæst ætur fiskur á svæðinu og lítið sem ekkert verð fyrir hann heldur. Bátur sem stimplar sig inn t.d. 15 maí hefur leyfi til 15. september.

b. Strandveiðar verði án magntakmarkana og heimilt verði að segja sig frá þeim um hver mánaðamót. Aðrar takmarkanir verði óbreyttar frá því sem nú er að því undanskildu að eignarhlutur þess sem rær sé a.m.k. 25%.

c. Aðalfundur Fonts samþykkir að þorskígildi og undirmál skuli reiknast með sama hætti úr heildarpotti og þegar reiknaður er afli einstakra báta.

2. *Grásleppa*

a. Aðalfundur Fonts leggur til við aðalfund LS að samþykkt verði tillaga til ríkisstjórnar Íslands að hún hlutist til um að úthlutað verði 20 milljónum til LS í að þróa og markaðssetja frosin grásleppuhrogn fyrir A-Evrópu og Asíu markaði.

Greinargerð
Má í þessu sambandi benda á þá þróun sem orðið hefur í sölu og markaðssetningu á frostnum loðnuhrognum frá Íslandi sl. 20 árin þar sem nú fer stór hluti af þeim til Austur Evrópu.
Mjög mikilvægt sé að þróa aðra vinnsluaðferð og finna henni markað svo grásleppuveiðum verði ekki sjálf hætt. Grásleppuveiðar eru kostnaðarsamar og hætta á veiðarfæratjóni er mikil og til þess að veiðarnar geti haldið áfram þarf sjómaðurinn að sjá einhvern ávinning að stunda þessar veiðar.
Telur fundurinn að þær 20 milljónir sem farið er fram á muni skila sér margfalt til baka.

b. Aðalfundur Fonts leggur til við aðalfund LS að hann samþykki tillögu til Atvinnuvegaráðuneytisins að heimilt verði að sameina grásleppuleyfi þannig að dögum fjölgi hlutfallslega með helmings skerðingu. Við sameiningu daga fækki netum með sambærilegum hætti.

Greinargerð
Þetta fyrirkomulag myndi minnka sókn í grásleppuna, fækka leyfum og minnka að útgerðir geri út 2 báta til veiða samtímis. Álag á veiðisvæði myndi minnka við svona tilhögun og jafna framboð hrogna milli ára. Fækki veiðidögum enn frekar en nú er að tillögu Hafró verður greinin að bregðast við til að veiðarnar leggist ekki af.

c. Aðalfundur Fonts skorar á atvinnuvegaráðherra að gera að skilyrði að uppsjávarskip sem fá veiðileyfi með flotvörpu verði útbúin stórfiskaskilju til að koma í veg fyrir að fiskur (meðafli) eins og t.d. grásleppa endi ofan í lestum skipsins í stað þess flokkast frá á skiljunni og fari lifandi í hafið aftur.

Greinargerð

Vitað er um að verulegt magn af grásleppu kemur sem meðafli í flotvörpu við uppsjávarveiðar. Meðafli þessi er öllum til óþurftar og fyrir bestu að grásleppan fari strax lifandi í hafið aftur af stórfiskaskiljunni.
Þrátt fyrir ítrekaða umræðu hefur ekki tekist að vekja „kerfið" (Hafró, Biopol, Fiskistofu, Atvinnuvegaráðuneytið) upp fyrir mikilvægi stórfiskaskilju við þessar veiðar til verndunar grásleppustofninum.

d. Aðalfundur Fonts gerir þá kröfu að skerðing á veiðiheimildum í grásleppu gefi rétt á bótum sambærilegum og gildir um uppbætur í skel og rækju.

3. *Skötuselur, makríll og síld*

Aðalfundur Fonts vekur athygli Atvinnuvegaráðuneytisins á að ýmsar nytjategundir eins og skötuselur, makríll og síld í reknet hafa ekki veiðst á svæði félagsins og þar af leiðandi ekki nýst útgerðum á svæðinu. Rétt er að hafa framangreint í huga þegar sótt er hart á að flytja aflaheimildir af svæði Fonts (C svæði) yfir á önnur svæði sem njóta framangreindra tegunda.

4. *Sameinaðir stöndum vér*

Aðalfundur Fonts hvetur alla smábátamenn til að flykkja sér að baki LS og standa þannig sem bestan vörð um hagsmuni smábáta í þeirri hagsmunabaráttu sem frammundan er. Fundurinn vill minna smábátaeigendur á hvað LS hefur áorkað í þágu smábátaeigenda. sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér.

5. *Aðild að Bjargráðasjóði*

Aðalfundur Fonts hvetur LS til að óska eftir aðild að Bjargráðasjóði fyrir hönd sinna félagsmanna. Þeir félagsmenn sem þess óska greiði síðan félagsgjald í sjóðinn og gerist við það fullgildir félagsmenn með þeim réttindum og skyldum sem fylgja Bjargráðasjóði.

Greinargerð

Fundurinn telur að með þátttöku í Bjargráðasjóði megi koma í veg fyrir stór skakkaföll sem tryggingar ná ekki yfir, svo sem það veiðarfæratjón sem getur orðið við eina öfluga brælu og einnig þær aðstæður sem geta komið upp varðandi gríðarlega sölutregðu á afurð sem sýndi sig þegar allt í einu stoppaði sala á grásleppuhrognum fyrir vertíðina 2012 og margir ef ekki allflestir urðu fyrir gríðarlegu fjárhagslegu tjóni sökum þess. Fyrir vertíðina 2012 benti ekkert annað til en að verð og sala á grásleppuhrognum yrði í góðu lagi.

6. *Færaveiðar á makríl*

Færaveiðar á makríl verði án magntakmarkana. Veiðitími verði 15. júlí til og með 30. september.

7. *Veiðigjald*

Aðalfundur Fonts mótmælir álagningu sérstaks veiðigjalds á grásleppu og krefst þess að frítekjumark verði virkt.

8. *Ígildastuðlar*

Aðalfundur Fonts óskar eftir að ígildastuðull fyrir grásleppu verði endurskoðaður.

9. *Frítekjumark*

Aðalfundur Fonts leggur til að frítekjumark fyrir sérstakt veiðigjald verði 100 tonn og hálft gjald greiðist að næstu 100 tonnum.

10. *Veiðiskylda*

Aðalfundur Fonts krefst þess að fellt verði út ákvæði laga um að hlutdeild endurnýist ekki ef bátur nær ekki veiðiskyldu.

11. *Línuívilnun*

Aðalfundur Fonts krefst þess að aflaheimildir til línuívilnunar verði aukin og hún gildi um alla dagróðrabáta.

12. *Byggðakvóti*

Aðalfundur Fonts krefst þess að byggðakvóti verði eingöngu fyrir dagróðrabáta og komi til aukningar á aflamarki við löndun.

13. *Þorskur, ýsa og ufsi*

Aðalfundur Fonts skorar á sjávarútvegsráðherra að auka veiðiheimildir í þorski og ýsu auk þess að gefa færarveiðar á ufsa frjálsar.

14. *Greiðslumiðlun*

Aðalfundur Fonts skorar á stjórnvöld að fresta framkvæmd laga um afnám greiðslumiðlunar til 1. janúar 2015.